

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 12. mars 2026

Mál nr. S-125/2025:

Ákærvaldið

(Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður)

(Hreiðar Eiríksson lögmaður bótakrefjanda)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 27. janúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með tveimur ákærum, á hendur X, [...], [...].

Í fyrri ákærunni, frá 26. febrúar 2025, eru ákærða gefin að sök fjársvik

„með því að hafa laugardaginn 24. ágúst 2024, svikið 40.000 krónur út úr A, kt. [...], með því að bjóðast til að selja brotþola Playstation leikjatölvu og fengið hann þannig til að millifæra 40.000 krónur inn á bankareikning vinar síns, en síðan aldrei afhent neina tölvu.

Telst þetta varða við 248. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með síðari breytingum.“

Sú síðari er frá 30. desember 2025 vegna hótana og brots á barnaverndarlögum,

“með því að hafa, mánudaginn 22. apríl 2024 í samtali við dóttur sína B, sem fram fór á ótilgreindum stað á Akureyri, sett fram eftirtaldir hótanir gegn móður stúlkunnar og viðhaft ógnandi og vanvirðandi orðfæri við barnið, en orðfærið og hótanirnar voru þessar: "Frekar vil ég vera feitur en heiladauður, þroskahefta ógeðið þitt." Eftir að brotþoli svarar honum með eftirfarandi orðum: "Er það svona sem þú talar við dóttur þína." Sagði ákærði þetta: "Er það alveg svona sem að mamma þín hefði átt að missa þig í gólfið í fæðingu, þarna helvítis viðrinið þitt. Það væri gaman að binda hana niður, skera hana á háls og láta þig horfa upp á það og hlægja á meðan."

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga[svo] nr. 80/2002, með síðari breytingum.“

Í báðum ákærum er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í síðari ákærunni segir: „B, [...] gerir kröfu um að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 1.000.000 krónur, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk vaxta samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.“

- 2 Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds en til vara að honum verði gerð vægasta refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda hans.

Ákæra 26. febrúar 2025

Málavextir

- 3 Þriðjudaginn 27. ágúst 2024 leitaði A á lögreglustöðina á Akureyri til að tilkynna um fjársvik. Hann skýrði frá því að hafa á laugardeginum séð auglýsingu á Facebook um Playstation leikjatölvu á 70.000 krónur. Hann hafi boðið 40.000 krónur í tölvuna og skömmu síðar fengið skilaboð á Messenger frá ákærða, sem hafi tjáð honum að hann hefði slíka tölvu til sölu á 40.000 krónur. Hann hafi samþykkt tilboðið og beðið ákærða um kennitölu og reikningsnúmer. Ákærði hafi gefið upp reikning á nafni D. Hann hafi einnig fundið tölvuskjá til sölu á Facebook og spurt ákærða hvort hann gæti tekið skjáinn með sér þegar hann afhenti leikjatölvuna. Ákærði hafi ætlað að gera það. Hann hafi því greitt seljanda skjásins 10.000 krónur og ákærði sótt hann. Þeir ákærði hafi verið í áframhaldandi samskiptum á Messenger og ákærði sagst ætla að koma með tölvuna og skjáinn til hans daginn eftir. Enginn hafi komið þann dag og hann innt ákærða svara á mánudegi. Ákærði hafi afsakað sig og sagst ætla að senda vin sinn með þetta næsta kvöld. Á þriðjudeginum hafi hann hvorki verið búinn að fá tölvuna né skjáinn. Gerði hann þá kröfu að ákærða yrði refsað lögum samkvæmt.
- 4 Fyrir liggja skjáskot af samskiptum ákærða og A. Þar koma þeir sér saman um að A kaupi af ákærða Playstation 5, auk fjarstýringar og fjögurra leikja, á 40.000 krónur. Einnig að ákærði saki fyrir hann tölvuskjá og komi öllu til hans á [...]. Ákærði biður A að leggja féð á reikning vinar síns, D. A sendir síðan ákærða skjáskot af staðfestingu á að hafa millifært 40.000 krónur á þann reikning. Í framhaldinu eiga þeir samskipti um afhendingu tölvunnar sem enda með því að A spyr hvort ákærði hafi svindlað á honum og kveðst vilja fá 50.000 krónur endurgreiddar. Ákærði kveðst ætla að senda honum staðfestingu þegar 60.000 króna millifærsla sé frágengin.

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi

- 5 Ákærði kvaðst hafa séð auglýsingu þar sem maðurinn hafi verið að leita að tölvu, þeir hafi ekki þekkt. Ákærði hafi keypt tölvu af vini sínum í undirheimunum í þeirri meiningu að hún væri í lagi. Hann hafi greitt 20.000 krónur fyrir hana og séð fyrir sér tækifæri til að vinna sér inn „smá pening“. Maðurinn hafi greitt honum 40.000 krónur fyrir tölvuna með millifærslu á reikning D. Þegar hann hafi farið að tengja tölvuna til að hreinsa hana, þremur til fjórum dögum síðar, hafi hann séð að hún væri ónýt og hann því ekki vitað hvernig hann ætti að snúa sér í þessu. Það hafi ekki verið ætlunin að svíkja manninn. Ef hann hefði verið á þeim buxunum hefði hann rænt allt Ísland eins og á árum áður, en þetta hafi aðeins verið eitt atvik. Hann hafi reynt að hafa uppi á manninum til þess að endurgreiða honum en það ekki tekist. Hann hafi meira að segja verið tilbúinn til að greiða honum meira en þessar 40.000 krónur. Eftir skýrslutöku hafi lögreglumaður sem yfirheyrði hann ætlað að hafa aftur samband en áður en hann vissi hafi verið komin

ákæra. Ákærði kvað þetta „hálfpartinn“ vera sér að kenna en það væri óþarfi að refsa honum. Varðandi tölvuskjáiinn kvaðst ákærði telja að honum hafi verið stolið þegar brotist hafi verið inn á heimili hans.

- 6 Vitnið A kvaðst hafa verið að skoða markaðssíðu á Facebook í leit að leikjatölvu. Kona á Akureyri hafi haft tölvu til sölu en hann ekki fengið svör frá henni. Ákærði hafi sent honum skilaboð og boðið ódýrari tölvu. Vitnið hafi viljað bíða svars frá konunni en þegar hún hafi eytt sinni auglýsingu hafi hann afráðið að skipta við ákærða. Þeir hafi rætt verð og hvað fylgdi með og þeir svo samið um að hann greiddi ákærða 40.000 krónur fyrir. Hann hafi millifært þá fjárhæð og sent ákærða staðfestingu þess. Ákærði hafi boðist til að skutla tölvunni til hans. Vitnið hafi sama dag keypt tölvuskjá af annarri manneskju á 10.000 krónur. Ákærði hafi boðist til að skutla honum einnig og vitnið þegið það. Ákærði hafi sagst ætla að koma daginn eftir. Síðan hafi þeir verið í frekari samskiptum, ákærði hafi komið með einhverjar með afsakanir, svo sem að hann hafi týnt lykli, og ítrekað frestað afhendingunni. Vitnið hafi verið farið að gruna að ákærði væri að svíkja hann og spurt hvort svo væri en ákærði sagst að hann hefði bara ekki haft tíma. Á einhverjum tímapunkti hafi hann sagst ætla að hafa samband við lögreglu ef ákærði myndi ekki endurgreiða honum. Ákærði hafi sagst ætla að endurgreiða honum og fengið upplýsingar um reikningsnúmer, en hann hafi ekki skilað honum fénu. Ákærði hafi síðan lokað á samskipti við hann og kvað vitnið ekki hafa haft við hann samskipti eftir að hann leitaði til lögreglu.
- 7 Vitnið lögreglumaður nr. E kvað A hafa komið á lögreglustöð vegna málsins og greint frá atvikum. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið skýrslu af ákærða. Hún hafi haft milligöngu um sátt milli hans og ákærða þannig að ákærði myndi endurgreiða A. Ákærði hafi fengið reikningsnúmer A og kvaðst vitnið minna að hún hafi hringt í ákærða og ítrekað við hann að hann hefði tækifæri til að leysa málið þannig en hann ekki gert það.

Niðurstaða

- 8 Ákærði hefur gengist við því að hafa boðið brotþola Playstation leikjatölvu gegn greiðslu 40.000 króna, fengið þá fjárhæð frá brotþola en ekki afhent honum tölvuna. Í framburði ákærða kom fram að hann hafi keypt tölvu til að selja en komist að því þremur til fjórum dögum eftir að hann fékk greiðsluna frá brotþola að hún væri ónýt. Samkvæmt því hafði ákærði ekki tölvu til reiðu þegar hann þáði féð af brotþola og bauðst til að skutla henni til hans. Þá hefur ákærði borið því við að hafa ætlað að endurgreiða brotþola féð. Það gerði hann hins vegar ekki. Verður ákærði sakfelldur fyrir brot sitt eins og því er lýst í ákæru og varðar það við þar tilgreint lagaákvæði.

Ákæra 30. desember 2025

Málavextir

- 9 Þann 23. apríl 2024 kom brotþoli, B, á lögreglustöð í fylgd móður sinnar til að kæra hótanir sem brotþoli hefði fengið frá föður sínum, ákærða. Segir í frumskýrslu að brotþoli hafi skýrt frá því að hafa skömmu áður lesið frétt um brotaferil ákærða. Henni hafi verið brugðið og farið að senda honum hatursskilaboð. Þann 22. apríl hafi hún hringt

í farsíma ákærða, með tveimur vinkonum sínum, til að gera at í honum og heyra hvernig hann myndi svara til baka. Brotapoli lét lögreglu í té upptökur sem liggja fyrir í málinu. Þar koma meðal annars fram þau orð sem greinir í ákæru.

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi

- 10 Ákærði kvaðst lítið muna eftir þessu. Hann hafi verið hjá félagá sínum þegar símtalið barst. Hann hafi verið með annað símanúmer en hann væri vanur og hafi ekki þekkt númerið sem hringdi. Hann hafi haldið að hann væri að ræða við aðra manneskju í þessu símtali, konu að nafni F. Hún hafi verið búin að vera með leiðindi og hann misst sig því viðmælandinn hafi ausið hann óhróðri. Hann myndi aldrei gera dóttur sinni neitt þótt hann hafi barnsmóður sína. Hann hafi ekki áttað sig á því að þetta hefði verið hún fyrr að símtalinu loknu, þegar honum var runnin reiðin og vinur hans hafi sagst halda að þetta hefði verið dóttir hans. Hann kvaðst stundum nota orðalag af þessu tagi til að hræða fólk en ekkert hafi verið á bak við það. Ákærði kvaðst hafa hitt dóttur sína í apríl þegar hann hafi farið með afmælisgjöf til hennar en ekki eftir þetta.
- 11 Vitnið B kvaðst hafa verið sár og reið, hún hafi verið búin að heyra Podcast þar sem móðir hennar hafi lýst ýmsu sem ákærði hafi gert henni. Hana hafi langað að láta hann heyra það og hringt í hann, að hana minnti úr sínum síma. Hún kvað þau hafa sagt „hluti“ við hvort annað en mundi ekki hvort hún hafi sagt eitthvað ljótt við hann. Henni hafi í fyrstu fundist þetta fyndið en liðið illa á eftir og verið hrædd um að hann myndi gera henni eitthvað. Móðir hennar hafi einnig verið hrædd. Hún kvaðst ekki hafa verið í neinum samskiptum við ákærða, hvorki áður né eftir. Ekkert annað af þessu tagi hafi komið upp á milli þeirra og ákærði ekki komið illa fram við hana en hún sé hrædd við hann, enda heyrt og lesið ýmislegt slæmt um hann. Þegar hann komi í verslunina þar sem hún starfi fari hún í burtu. Aðspurð hvort hún teldi að ákærði hafi vitað að þetta væri hún kvaðst hún telja það hljóta að vera, hún hafi sagt honum að þetta væri hún. Aðspurð um framburð sinn í lögregluskýrslu, að hann hafi ekki vitað að þetta væri hún en breyst þegar hann áttaði sig á því, kvað vitnið ákærða hafa breyst þegar hann gerði sér grein fyrir að málið færi til lögreglu.
- 12 Vitnið G kvaðst hafa tekið skýrslur af ákærða og brotapolá við rannsókn málsins. Brotapoli hafi verið stressuð og fundist þetta erfitt. Hún hafi lýst því að ákærði hafi haft í hótunum við hana. Fram hafi komið að ákærði hafi ekki vitað fyrr en í síðari hluta samtalsins að þetta væri hún. Brotapoli hafi verið stressuð og fundist þetta erfitt. Ákærði hafi, við yfirheyrslu, borið fyrir sig að hafa ekki vitað fyrr en síðar að það hafi verið dóttir hans sem hann var að ræða við.

Niðurstaða

- 13 Ákærða er gefið að sök að hafa í símtali við dóttur sína, B, sett fram hótanir gegn móður stúlkunnar og viðhaft ógnandi og vanvirðandi orðfæri við barnið svo sem nánar greinir í ákæru. Er háttsemin talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. og 3. mgr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

- 14 Af hálfu ákærða er því ekki andmælt að hann hafi látið umrædd orð falla í símtali við dóttur sína. Hann byggir kröfu um sýknu á því að hann hafi ekki vitað að þetta væri hún sem hann talaði við og því geti ekki verið um brot á barnaverndarlögum að ræða. Þá verði að líta til undanfara orðanna, þau hafi verið sögð í reiði eftir ögrun og ljót orð. Ekki hafi verið um beina hótun að ræða og aldrei staðið til að fylgja orðunum eftir. Í því samhengi sem orðin féllu hafi þau ekki verið til þess fallin að vekja ótta.
- 15 Í upphafi fyrirbyggjandi upptöku heyrir brotþoli segja „... svona sem þú talar við barnið þitt?“ Virðast þau því hafa verið búin að tala saman einhverja stund áður en upptakan hefst. Í framhaldinu er einhver skætingur á milli þeirra og brotþoli segist meðal annars geta komið honum aftur í fangelsi. Eftir að brotþoli talar um að ákærði sé feitur falla þau orð sem greinir í ákæru. Þar kemur þó ekki fram að brotþoli skýtur aftur inn í samtalið: „Er það í alvöru svona sem þú talar við dóttur þína?“ áður en ákærði talar um að það væri gaman að binda mömmu hennar, skera hana á háls, láta hana horfa upp á það og hlægja á meðan. Brotþoli spyr síðan aftur hvort það sé svona sem hann tali við barnið sitt og hann kallar hana þá heilalaust gerpi. Hún áréttar síðan að hún sé dóttir hans og virðist hann verða hissa. Hún segir þá að hann hafi hótað að skera hana á háls en ákærði segist ekki hafa gert það heldur sagt „það væri gaman að láta þig horfa á ef mamma þín...“ og heyrir ekki hvað hann segir í framhaldi af því.
- 16 Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum að hafa í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað sé hótunin til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum að beita barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýna af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni. Þá varðar það einnig sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, samkvæmt 3. mgr. 99. gr. laganna, að sýna barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særa það eða móðga.
- 17 Rödd brotþola er krakkaleg í samtalinu. Þegar í upphafi upptökunnar spyr hún hvort hann tali svona við barnið sitt en ekki liggur fyrir hvaða orð ákærði hafði þá látið falla. Ákærði talar síðan um að mamma viðmælandans hefði átt að missa hana í gólfíð við fæðingu og beinir hótunum að móður viðkomandi eftir að brotþoli hefur í tvígang enn spurt hann hvort það sé svona sem hann tali við dóttur sína. Fyrir dómi kvaðst ákærði hata móður brotþola. Að framangreindu virtu verður talið ótrúverðugur sá framburður ákærða að hann hafi ekki vitað við hvern hann væri að tala.
- 18 Þótt brotþoli hafi eitthvað storkað ákærða eða espað hann upp verður ekki talið að ummæli hennar hafi getað réttlæt slíkt orðfæri sem greinir í ákæru. Ákærði bar fyrir dómi að hann tæki stundum svona til orða til að hræða fólk en ekkert hafi verið á bak við þetta. Að áliti dómsins fól það, að segja við brotþola, [...] ára dóttur sína, að það væri gaman að binda móður hennar niður, skera hana á háls og láta brotþola horfa á, í sér hótun sem var til þess fallin að valda ótta, eins og ákærði raunar bar að væri tilgangur hans með slíku tali. Lýsti brotþoli því að hafa verið óttaslegin í kjölfar samtalsins og vera hrædd við ákærða. Verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa með þessum orðum haft í frammi

hótun sem varðar við 233. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Þá voru önnur þau ummæli sem greinir í ákæru ruddaleg og særandi. Verður ákærði því einnig sakfelldur fyrir brot gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Ákvörðun refsingar og einkaréttarkrafa

- 19 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins frá 25. desember 2025 á ákærði nokkurn brotaferil að baki sem nær aftur til ársins 2006. Þann [...] var hann dæmdur fyrir skjalafals, ránstílaun, brot gegn valdstjórninni, hótanir og umferðarlagabrot. Refsing var ákveðin fangelsi í 18 mánuði en fullnustu 15 mánaða þar af frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Þann [...] var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir líkamsárás, umboðssvik og fjársvik. Skilorðshluti dómsins frá [...] var tekinn upp og dæmdur með. Þann [...] var ákærði dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Honum var veitt reynslulausn [...] á eftirstöðvum 440 daga refsivistar. Þann [...] var hann sakfelldur fyrir umboðssvik og brot gegn umferðarlögum. Eftirstöðvar reynslulausnar voru dæmdar með og ákærða gert að sæta fangelsi í 16 mánuði. Ákærði var [...] dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir nytjastuld, fjársvik, þjófnað og fíkniefnaakstur og síðan í 7 mánaða fangelsi [...] fyrir fjárdrátt og fjársvik. Þann [...] var ákærði dæmdur í fangelsi í tvö ár og sex mánuði fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þjófnað, fjársvik og brot gegn valdstjórninni. Þann [...] var ákærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir fjársvik [...]. Var þar um að ræða hegningarauka við dóminn frá [...]. Loks var ákærði sakfelldur fyrir ofbeldi í nánú sambandi, brot gegn valdstjórninni og fíkniefnalagabrot þann [...] og gert að sæta fangelsi í 18 mánuði. Þann [...] var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á 190 daga eftirstöðvum refsingarinnar.
- 20 Meðal skilyrða reynslulausnar ákærða var að hann gerðist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum. Með þeim brotum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir rauf ákærði það skilyrði. Skal því, samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brotin sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af 190 daga óafplánaðri fangelsisrefsingu hans, samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 77. gr. sömu laga.
- 21 Ákærði hefur margsinnis hlotið dóm fyrir fjársvik og önnur auðgunarbrot. Þá beindist brot ákærða samkvæmt síðari ákærinni gegn dóttur hans sem var nýorðin [...] ára. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.
- 22 Af hálfu ákærða er þess krafist að bótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi af þeim sökum að krafan sé sett fram í nafni stúlkunnar sjálfar sem sé ófjárráða.
- 23 Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 88/2008 kemur lögráðamaður fram sem fyrirvarsmaður ólögráða brotaþola og tekur ákvarðanir fyrir hönd hans, sem hann er ekki talinn bera skynbragð á eða fær um að taka. Brotaþoli er ólögráða fyrir æsku sakir. Átti hún því ekki ráðstöfunarrétt yfir fjárkröfu á hendur ákærða. Í bótakröfu segir að lögmaður hennar geri kröfuna fyrir hennar hönd sem tilnefndur réttargæslumaður hennar. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að fyrirvarsmaður brotaþola hafi falið honum að setja fram kröfuna og fylgja henni eftir fyrir dómi. Verður því ekki hjá því komist að vísa

bótakröfunni frá dómi, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 22. mars 2019 í máli nr. 41/2018.

- 24 Við rannsókn málsins var brotþola tilnefndur réttargæslumaður sem hefur krafist þóknunar fyrir starfann. Verður lögmanninum ákveðin þóknun fyrir störf sín á rannsóknarstigi, og þykir hún hæfilega ákveðin svo sem greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum. Sá kostnaður verður þó ekki felldur á ákærða, þar sem skilyrði voru ekki fyrir tilnefningu réttargæslumanns í málinu, heldur greiðist hann úr ríkissjóði. Ákærða verður gert að greiða sakarkostnað að öðru leyti, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar sem er einnig litið til ferðatíma, svo sem greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum, og ferðakostnað verjandans.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Einkaréttarkröfu B er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 1.307.154 krónur í sakarkostnað, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 1.183.890 krónur, og 123.264 króna ferðakostnað hennar.

Þóknun tilnefnds réttargæslumanns brotþola, Hreiðars Eiríkssonar lögmanns, 192.510 krónur, greiðist úr ríkissjóði.